



Alþýðusamband Íslands

Mennta- og barnamálaráðuneytið
Sent í samráðsgátt stjórnvalda
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. september 2023
Tilvísun: M202309-0556

Efni: Umsögn um mál nr. 157/2023 - Áform um breytingu á lögum um framhaldsskóla (vinnustaðanám, innritun o.fl.)

Alþýðusamband Íslands veitir hér með umsögn sína um áform um breytingu á lögum um framhaldsskóla (vinnustaðanám, innritun o.fl.) sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda 28. ágúst s.

Alþýðusambandið fagnar þeim breytingatillögum sem snúa að forvörnum, auknum réttindum nemenda og samningum um rekstur einkaskóla á framhaldsskólástigi. Einnig er það ákvæði sem gæfi ráðherra aukið umboð til breytinga á reglum um innritun í framhaldsskóla jákvætt, sérstaklega ef það leiðir til þess að auka aðgengi 18 ára og eldri nemenda að iðnnámsbrautum framhaldsskóla.

Varðandi breytingar sem snúa að vinnustaðanámi vill sambandið koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Mikilvægt að tryggja að ljóst sé að iðnnemar og iðnmeistarar fyrir hönd fyrirtækja og vinnustaða beri ábyrgð á skráningum og staðfestingum á hæfni nema í rafrænni ferilbók – ekki skólameistarar eða umsjónaraðilar með rafrænum ferilbókum í framhaldsskólum.

Á þessu stigi er ekki ljóst hver áform ráðuneytisins með breytingum á 30. gr. laga um framhaldsskóla sem snýr að námsmati eru og er mikilvægt að það verði skýrt nánar. Þá er mikilvægt að fulltrúar atvinnulífsins komið að öllum áformum um breytingar er varða sveinspróf, sbr. 4. mgr.30 gr.

Í tillögnum er fjallað um að skýra þurfi ábyrgð framhaldsskóla á vinnustaðanámi í lögum. Ástæða er til að benda á ákveðinn ómöguleika þess að skólarnir beri ábyrgð á að koma öllum iðnnemum í vinnustaðanám. Enda eru töluverðir annmarkar á þeim úrræðum sem framhaldsskólar hafa í reglugerð um vinnustaðanám þegar iðnnemar komast ekki á iðnmeistarasarannsókn, sbr. réttindi og skyldur nema, tryggingamál o.fl.

ASÍ hefur um áraradír barist fyrir auknu vægi og aðgengi í iðn- og verknám. Það er þó mikilvægt að allar breytingar á kerfinu og framhaldsskólalögum séu vel ígrundaðar og unnar í samráði við fulltrúa atvinnulífsins. Með þessum fyrirhuguðu breytingum á vinnustaðanámi er einnig mikilvægt að tryggja aukið fjármagn bæði inn í skólakerfið og til vinnustaðanámssjóðs.

F.h. Alþýðusambands Íslands
Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir
Sviðsstjóri Fræðslusviðs